

Ed.

350. Frumvarp

til laga um forstjórn póst- og símamála.

Flutningsm.: Páll Hermannsson og Einar Árnason.

1. gr.

Póstmálum og símamálum ríkisins skal stjórnað af forstjóra póst- og símamála, sem hefir umsjón með rekstri þeirra.

2. gr.

Til aðstoðar forstjóranum skal skipa póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn við póst og síma, eftir því sem nauðsyn krefur.

3. gr.

Póstmeistarar og póstafgreiðslumenn, sem sjálfstæða reikningsfærslu hafa, standa beint undir forstjóra póst- og símamála.

Í Reykjavík skal vera einn póstmeistari og annar stöðvarstjóri símastöðv-

ar. Á Ísafirði og Akureyri skulu póstmeistarastörfin sameinuð símaþjónustunni, eftir því sem við verður komið, svo og póst- og símastörf annarsstaðar á landinu.

4. gr.

Forstjóri póst- og símamála skal skipaður af konungi og hefir að byrjunarlaunum 5500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 7000 kr. Þessi embættismaður nýtur og verðstuðulsuppbótar samkvæmt launalögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929 og frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 31, 16. nóv. 1907, um forstjórn landssímanna, og 1. gr. póstlaganna, nr. 5 frá 7. maí 1921, og þar með lagt niður embætti aðalpóstmeistara.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram sem sparnaðarráðstöfun.

Ætla mætti, að sameining á yfirstjórn póst- og símamála hjer í Reykjavík hefði i fõr með sjer nokkurn beinan sparnað.

Þó mundi miklum mun meir draga um þann sparnað, er fengist við sameiningu víðsvegar úti um landið.

Virðist sjálfsagt að sameina þessi störf í nær öllum kaupstöðum og kaup-
túnum, og víða i sveitunum.

En sú sameining er illframkvæmanleg nema undir einni sameiginlegri yfirstjórn. Er sameiginleg yfirstjórn jafnnaðsynleg þá er velja þarf mann i stöðu, sem við eftirlit tveggja starfa sama manns.

Í mörgum löndum álfonnar lúta póst- og símamál sameiginlegri yfirstjórn. Ætti þetta ekki að vera örðugra hjer.

Tækifærið er hentugt nú, þar sem forstaða landssímans er laus.